

A kærði ákvörðun Tollstjóra um synjun á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna innflutnings á vél og krafðist þess að fá endurgreiddan 59% af greiddum virðisaukaskatti vegna innflutningsins. Höfnun Tollstjóra byggði á því að A væri á virðisaukaskattskrá og gæti því ekki hlotið endurgreiðslu með vísan til 63. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi nr. 630/2008.

Litið var til þess að kærandi stundar blandaðan rekstur, annars vegur rekstur menntastofnunar og hins vegar ákveðinn atvinnurekstur sem rekinn væri í samkeppni við skattskylda aðila. Skráning kæranda á virðisaukaskattskrá var eingöngu bundin við síðarnefnda reksturinn en óumdeilt var að innflutt vél kæranda væri rannsóknartæki sem eingöngu yrði nýtt við rannsóknir og kennslu og væri því óviðkomandi atvinnurekstri kæranda. Einnig var tekið tillit til þess að kæranda væri óheimilt samkvæmt virðisaukaskattslögum að nýta sér greiddan virðisaukaskatt vegna kaupanna í skattskyldum rekstri sínum.

Að ofangreindu virtu var talið að umsókn kæranda um endurgreiðslu 59% virðisaukaskatts vegna innflutnings á téðri vél uppfyllti skilyrði reglugerðar um ýmis tollfríðindi enda væri kærandi ekki skattskyldur aðili samkvæmt virðisaukaskattslögum hvað varðar kennslu sína og rannsóknir. Var því fyrri ákvörðun Tollstjóra felld úr gildi og fallist á kröfu kæranda um endurgreiðslu virðisaukaskatts.